**Nd. 1169. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gjald af söluverði fisks erlendis.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Nú hefur einstaklingur eða félag beðið halla á árinu 1944 á rekstri þeim, sem lög þessi taka til, og er sá aðili þá undanþeginn gjaldinu, enda færi hann ríkisskattanefnd sönnur á, að tap hafi orðið á rekstrinum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn, þegar frá hafa verið dregin umboðslaun og annar sölukostnaður erlendis.